

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Végeirsstaðasjóð.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Végeirsstaðasjóður og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Heimili og varnarþing er í Akureyrarbæ. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsemi Háskólans á Akureyri á Végeirsstöðum til hagsbóta fyrir nemendur og starfsfólk. Tilgangi sjóðsins skal náð með því að veita úr honum fé til:

- a. Skógræktar, rannsóknar- og ráðstefnustarfsemi á Végeirsstöðum í Fnjóskadal.
- b. Uppbyggingar rannsóknarstarfs á vegum Háskólans á Akureyri.
- c. Annarra verkefna sem sjóðstjórn telur brýnust á hverjum tíma og tengjast starfsemi háskólans.

3. gr.

Háskólaráð Háskólans á Akureyri skipar fimm manna stjórn Végeirsstaðasjóðs til þriggja ára í senn. Í stjórn eiga sæti rektor HA auk fjögurra fulltrúa sem rektor tilnefnir á þriggja ára fresti. Rektor HA er formaður stjórnar Végeirsstaðasjóðs. Rektor tilnefnir ráðsmann sem starfar með stjórn og situr fundi hennar með tillögurétt og málfrelsi.

4. gr.

Stofnandi stofnunarinnar er Végeirsstaðasjóður, félagasamtök, kt. 690998-2039. Allar eignir félagasamtakanna verða færðar til sjálfseignarstofnunarinnar, þ.m.t. jörðin Végeirsstaðir, fnr. 2161676, ásamt þeim fastafjármunum sem jörðinni fylgja og félagasamtökin síðan lögð niður.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er 50.000.000 kr. sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. og eru 30.000.000 kr. óskerðanlegar. Tekjur sjóðsins eru gjafir og framlög frá einstaklingum, félögum og öðrum aðilum, ásamt arði, vaxtatekjum og verðbótum. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem tryggilegastan hátt.

6. gr.

Sjóðstjórn tekur ákvarðanir varðandi fjárveitingar úr sjóðnum og skal hún hafa eftirlit með því að tekjur sjóðsins nýtist í samræmi við markmið hans, sbr. 2. gr.

7. gr.

Fundargerðir stjórnar skulu skráðar og varðveittar í skjalakerfi Háskólans á Akureyri, þar sem m.a. skal getið um framlög til sjóðsins og allra ákvarðana um úthlutanir úr honum.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, þ.e. 1. janúar til 31. desember. Skrifstofa Háskólans á Akureyri annast reikningshald sjóðsins og vörslu fjármuna hans.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef 2/3 hlutar stjórnar samþykkja það. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskólans á Akureyri og þeim ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins, skv. 2. gr. skipulagsskrár þessarar, að undangengnu samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

11. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 22. júní 2021.

Birna Ágústsdóttir.

Auður Steingrímsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 6. júlí 2021